

Hlustum á viðvörunarbjöllurnar

Leiðbeiningar

Fyrsti hluti: Lestu söguna hér fyrir neðan og skrifaðu svo þínar athugasemdir í Tilfinningar og valmöguleika.

Skilin út undan

Aida og þrjár nánustu vinkonur hennar höfðu beðið í marga mánuði eftir að ný bíómynd kæmi í sýningu. Myndin var byggð á einni af uppáhalds bókum þeirra og þær lofuðu hver annarri að þær myndu sjá hana allar saman og fara saman og fá sér pizzu á eftir. Á frumsýningarhelgi myndarinnar lenti Aida í neyðartilviki á síðustu stundu og gat ekki farið. Hinar ákváðu samt að fara því þær höfðu hlakkað mikið til. Um kvöldið skrifuðu þær stöðugt um upplifunina og deildu alls konar bröndurum sem tengdust myndinni. Aidu langaði að vera í sambandi við vinkonur sínar þetta kvöld, en gat ekki tekið þátt í samræðunum því hún missti af myndinni. Henni leið illa, fannst hún skilin út undan og leið eins og öllum væri sama þó að hún hefði misst af því að horfa á myndina með þeim.

Þekkjum. Hvaða persónur eru þátttakendur í atburðarrásinni? Hvaða vandamál eða áskorun standa þær frammi fyrir?

Dæmi um svör:

- Aida og vinir hennar taka þátt í atburðarrásinni.
- Vinir Aida fóru í bíó og út að borða en Aida komst ekki með.

Finnum: Hvaða tilfinningu heldur þú að hver og ein þeirra upplifi? Af hverju gætu aðstæðurnar verið erfið áskorun fyrir hverja og eina þeirra?

Dæmi um svör:

- Aida liður illa því að hún var skilin út undan. Allir vinir hennar sáu myndina án hennar og ekki nóg með að hún sá ekki myndina, heldur er hún út undan þegar kemur að bröndurum sem þau eru að segja sem tengist kvöldinu. Þetta gæti verið erfið fyrir Aida því vinir hennar deila nú saman minningu um eitthvað sem hún tók ekki þátt í. Svo gæti það farið svo að vinir hennar haldi áfram að tala um myndina og hún verði því áfram út undan í þeim samtölum.



Hlustum á viðvörunarbjöllurnar

- Vinir Aida skemmtu sér vel, en þau söknuðu örugglega Aida. Vinir hennar eru að deila reynslunni á netinu því það er eitthvað sem þau höfðu samt sem áður gert, en þau eru jafnvel að deila þessu til að deila reynslu sinni með Aida.

Ímyndaðu þér: Hvernig væri hægt að bregðast við aðstæðunum? Reyndu að finna fleiri en eina leið. Það er ekkert eitt rétt svar til. Veldu þann möguleika sem er jákvæðastur og lætur flestum líða betur.

Dæmi um svör:

- Aida gæti tekið pásu frá samfélagsmiðlum og gert eitthvað annað til að dreifa huganum.
- Aida gæti sent vinum sínum skilaboð og sagt þeim að henni finnst hún vera út undan og myndi gjarnan hafa komist að sjá myndina.
- Aida gæti farið að sjá myndina og beðið vini sína að hitta sig eftir hana til að tala um hana.
- Aida gæti beðið vini sína að fara aftur á myndina með sér.
- Vinir Aida gætu sent henni skilaboð og sagt henni að þau söknuðu hennar og hefðu gjarnan viljað hafa hana með.
- Vinir Aida gætu tekið pásu frá því að deila einhverju um myndina á netinu, í ljósi þess að Aida finnst hún vera út undan.

Segðu: Skoðaðu betur leiðina sem þú valdir til að leysa vandann. Hvað gætu þátttakendur sagt hver við annan?

Fyrst: Hvernig myndu þær tala saman?

- | | | |
|---|---|---------------------------------------|
| ☐ Augliti til auglits | ☐ Hringja eða FaceTime | ☐ Skriflega |
| ☐ Beint/ einkaskilaboð | ☐ Tölvupóst | ☐ Annað: _____ |

Svör geta verið mismunandi.

Svo: Hvað myndu þær segja svo? Skrifaðu niður samtalið.

Svör geta verið mismunandi.

Aida gæti sagt við vini sína:

- „Hey, ég sakna ykkar virkilega mikið! Ég vildi að ég hefði verið þarna!“



RELATIONSHIPS & COMMUNICATION

**We know the power
of words & actions.**

commonsense.org/education

Shareable with attribution for noncommercial use. Remixing is permitted.



Hlustum á viðvörunarbjöllurnar ☹

- „Ohhh, myndirnar ykkar gera mig svo afbrýðisama! Ég vildi að ég hefði getað verið þarna með ykkur öllum!“
- „Ég sakna ykkar! Ég myndi virkilega vilja hitta ykkur á morgun ef þið hafið tíma?“

Vinir Aida gætu sagt:

- „Við söknuðum þín Aida! Hittumst endilega um helgina!“
- „Hey Adia, myndin var æðisleg! Við myndum gjarnan vilja sjá hana með þér!“

Hvetjið nemendur til að velta fyrir sér hvort persónurnar í dæminu myndu virkilega segja hlutina með þeim hætti sem nemendur hafa sagt. Spurðu nemendur: „Myndi Aida virkilega segja það?“ Myndir þú segja eða senda skilaboð með þessum hætti, ef þú værir þátttakandi í dæminu? Af hverju / Af hverju ekki?“

Aðstoðaðu nemendur við að hugsa og skipuleggja spurningar sem gætu komið upp, eins og hvað ef vinir Aida myndu bregðast við með því að segja að Aida sé að gera of mikið úr þessu.

Annar hluti: Flækjum málið (valkvætt)

Ræddu þessar spurningar í hópnum þínum og deildu svörum. Vertu viss um að heyra öll sjónarmið - því fleiri sjónarmið, því betra!

- Hvað ef þær ætluðu að gista en ekki fara í bíó? Ættu vinirnir að fresta eða standa við áætlanir sínar án Aidu?
- Hvað ef vinirnir settu athugasemdir og myndatexta við myndirnar sínar þar sem þeir segja að þeim þætti leitt að Aida væri ekki með þeim? (Til dæmis: @Aida vildi að þú værir hér)
- Skiptir það máli hvers vegna Aida gat ekki mætt? (Hvað ef neyðartilvikið snerist um að mamma Aidu væri á sjúkrahúsi? Eða... Hvað ef að henni var bannað að fara út fyrir að laumast út úr húsinu sínu?)



RELATIONSHIPS & COMMUNICATION

We know the power
of words & actions.

commonsense.org/education

Shareable with attribution for noncommercial use. Remixing is permitted.

